

Starfsreglur Siðanefndar Háskólans á Akureyri

Við Háskólann á Akureyri starfar siðanefnd skv. reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009.

1. Hlutverk siðanefndar

1.1. Meðal verkefna siðanefndar er:

- Umfjöllun um meint brot á siðareglum Háskólans
- Kynning á siðareglunum innan háskólans, t.d. með því að vekja athygli deildarformanna á siðareglum Háskólans í upphafi hvers skólaárs og hvetja til að miðla áfram til umsjónarkennara námskeiða.
- Veita ráðgjöf um túlkun og umgengni við siðareglurnar og samhæfingu á verklagi innan ólíkra starfseininga háskólans.
- Vera yfirstjórn til ráðgjafar um gerð og túlkun siðareglna.

1.2. Ráðgjafarhlutverkið felur jafnframt í sér:

- Að beina erindum í viðeigandi farveg eftir eðli þeirra
- Að vera stjórnendum starfseininga til ráðgjafar um erindi sem varða siðareglur en eru á ábyrgð viðkomandi stjórnanda. Málsmeðferð og endanleg niðurstaða einstakra erinda skal þó vera á ábyrgð viðeigandi stjórnenda.

1.3. Siðanefnd metur hvort erindi varði fyrst og fremst siðareglur. Varði erindi aðrar reglur vísar nefndin erindinu frá og leiðbeinir um viðeigandi farveg innan skólans.

1.4. Taki siðanefnd erindi til efnislegrar meðferðar veitir nefndin álit um hvort siðareglur hafi verið brotnar. Í þeim tilfellum starfar nefndin samkvæmt reglum sem hér fara á eftir.

1.5. Siðanefnd er stjórnábyrgð og starfar eftir málsmeðferðarreglum stjórnábyrgðaréttar. Eftirfarandi reglur um meðferð mála skulu miða að því að tryggja vandaða og málefnalega umfjöllun um hvert mál.

1.6. Siðanefnd fer með málgögn og álit þess sem trúnaðarmál. Siðanefnd getur einnig, ef sérstaklega stendur á, ákveðið að sá sem ber fram erindi njóti nafnleyndar, enda sé sýnt að meðferð þess geti að öðrum kosti bitnað á honum.

2. Skipan nefndarinnar

2.1. Formaður siðanefndar er skipaður af háskólaráði samkvæmt tilnefningu rektors. Félag háskólakennara á Akureyri og fulltrúar Félags prófessora sem starfa við Háskólann á Akureyri skipa hvort um sig einn nefndarmann. Þegar siðanefnd berst erindi sem kallar á sérstaka þekkingu getur hún óskað eftir því við rektor að skipaðir verði tveir fulltrúar að auki til þess að fjalla um erindið. Í umboði háskólaráðs skipar rektor þessa tvo fulltrúa að fengnum tilnefningum formanns nefndarinnar. Þegar um ræðir erindi sem snertir nemendur skal kalla til tvo fulltrúa sem stúdentaráð SHA tilnefnir.

2.2. Hlutfall kynja í nefndinni skal hverju sinni vera eins jafnt og kostur er.

2.3. Rektor skipar nefndinni ritara úr hópi starfsmanna Háskólans og skal ritari jafnan hafa menntun í lögfræði eða opinberri stjórnsýslu. Hlutverk ritara er að gæta þess að störf siðanefndar séu í samræmi við starfsreglur þessar, stjórnsýslulög, lög um opinbera háskóla, siðareglur og aðrar þær reglur og lög sem kunna að eiga við.

Hæfi nefndarmanna

2.4. Nefndarmaður er vanhæfur til að fjalla um erindi eigi vanhæfisreglur 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við hann. Skipar rektor þá annan nefndarmann í hans stað.

3. Málsmeðferð

Málsgrundvöllur

3.1. Siðanefnd leggur mat á öll erindi sem henni berst frá aðilum innan og utan Háskólans og tekur afstöðu til þess hvort það varði fyrst og fremst meint brot á siðareglum HA. Ef um er að ræða ágreining eða brot á reglum sem heyrir ekki undir siðanefnd HA vísar nefndin málinu frá með rökstuðningi og leiðbeinir eftir atvikum um réttan farveg fyrir viðkomandi mál. Siðanefnd tekur ekki mál upp að eigin frumkvæði.

Erindi

3.2. Sé tilefni til ábendinga um brot á siðareglum skal beina erindum að formanni siðanefndar hverju sinni svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en 3 mánuðum frá því að hinn meinti atburður eða háttsemi kom í ljós. Formaður siðanefndar mun innan 14 daga boða fund með nefnd og leggja fram inn komið erindi.

3.3. Í erindi til siðanefndar skal koma fram:

- Málavextir eða lýsing á þeim atburðum/háttsemi sem eru tilefni erindis
- Hvaða greinar siðareglna er óskað eftir að tekin sé afstaða til
- Fylgiskjöl eða rökstuðningur sem styðja við málavexti

Tilkynning

3.4. Verði erindi ekki vísað frá, skal siðanefnd tilkynna þeim sem erindið varðar um það og veitir viðkomandi frest til að skýra sína hlið mála innan 14 daga frá dagsetningu.

Gagnaöflun

3.5. Siðanefnd aflar nauðsynlegra gagna til þess að hún geti veitt álit sitt og getur krafði þann sem ábendingu ber fram um frekari gögn eða upplýsingar sem hann getur látið í té. Gæta skal trúnaðar og nafnleyndar ef við á, sbr. 1.6. gr. Nefndin hefur aðgang að gögnum sem málið varðar í skjalavistunarkerfi háskólans á meðan að nefndin starfar.

3.6. Ákveði nefndin að afla skuli gagna munnlega skal skjalfesta öll samskipti nefndarmanna við þá sem máli tengjast eftir því sem við verður komið og bera skráningu undir málsaðila til samþykktar. Fundargerðir skulu bornar undir til samþykktar allra aðila sem á fundinn mæta. Öll gögn og álit siðanefndar skulu vistuð undir sérstöku málsnúmeri í skjalavistunarkerfi Háskólans á Akureyri.

3.7. Um aðgang að upplýsingum sem nefndin aflar og niðurstöðum mála gilda ákvæði upplýsingalaga nr. 140/2012.

Andmælaréttur

3.8. Málsaðilar skulu alltaf eiga þess kost að tjá sig um framkomnar ávirðingar, öll gögn sem aflað hefur verið og afstöðu annarra málsaðila ef þeim er til að dreifa. Siðanefnd getur sett málsaðila ákveðinn frest, hann skal minnst vera tvær vikur.

Sáttaumleitan

3.9. Eftir athugun á málsgrundvelli skv. 3.1. getur siðanefnd hvenær sem er við meðferð máls kannað vilja málsaðila til að ljúka málinu með sátt. Ákveði aðilar að ljúka málinu með sátt, skal nefndin, eftir því sem við verður komið, styðja aðila í því að ná sáttum.

Niðurstaða

3.10. Siðanefnd skal ljúka máli svo fljótt sem unnt er. Siðanefnd skal að jafnaði hafa komist að niðurstöðu í máli að sex viknum liðnum frá því að formaður siðanefndar leggur það fram fyrir nefndinni.

3.11. Niðurstaða siðanefndar í máli skal vera bæði rökstudd og afdráttarlaus. Geti nefndin ekki komist að niðurstöðu vegna ófullnægjandi upplýsinga um málsatvik, skal vísa erindinu frá. Komist nefndarmenn ekki að samkomulagi um það hvort farið hafi verið í bága við siðareglurnar, ræðst niðurstaðan af afstöðu þeirra nefndarmanna sem mynda meirihluta.

3.12. Nefndin mælir ekki fyrir um viðurlög við brotum á siðareglum, en tekur afstöðu til alvarleika brotsins og hvort um endurtekið brot hafi verið að ræða.

Birting niðurstöðu og viðbrögð við niðurstöðu

3.13. Niðurstaða siðanefndar skal vera skrifleg og tilkynnt málsaðilum Niðurstaðan er einnig send rektor sem grípur til viðeigandi ráðstafana lögum samkvæmt.

3.14. Niðurstaða siðanefndar um hvort tiltekin háttsemi fari í bága við siðareglur er endanleg.

Staðfest af háskólaráði 25. júní 2020